



...Óskar ráðuneytið hér með eftir sjónarmiðum sýslumannsins...

## Ráðherra fær bréf um sérstaka rannsóknarskyldu sýslumanns

Af viðfangsefnum stjórnar Í.Æ.

Sýslumaður í Búðardal hefur nú sent sumum umsækjendum, sem eru í endurnýjunarferli með forsamþykki sitt, bréf þar sem segir m.a. að sýslumanni sé auðvitað kunnugt um að hrun íslenska fjármálakerfisins hafi haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag bæði einstaklinga og fjölskyldna, þ.á.m. fjárhag þeirra sem sótt hafa um ættleiðingu erlendra barna. Það breyti þó ekki því að rannsóknarskylda hvíli á sýslumanni og það geri hún enn frekar en áður. Sýslumaður fer því þess á leit við barnaverndarnefndir að farið verði vandlega yfir núverandi eigna- og skuldastöðu umsækjenda. Þá verði einnig

könnuð atvinnustaða umsækjenda og þess óskað að þeir leggi fram launaseðla. Framganga sýslumanns sætir nokkurri furðu af hálfu stjórnar Í.Æ. og mun stjórnin staðreyna lögmæti ákvörðunar sýslumanns.

“...Framganga sýslumanns sætir nokkurri furðu af hálfu stjórnar...”

Framangreint var bókað í fundargerð stjórnar Í.Æ. þann 23. febrúar 2010. Þremur vikum síðar er málið aftur tekið til umfjöllunar á stjórnarfundum undir fyrirsögninni Afgreiðsluhættir sýslumanns í Búðardal. Þá er bókað í fundargerð: Rætt var um nýjar athugasemdir frá umsækjendum um breytta afgreiðsluhætti sýslumannsins í Búðardal og að hann hafi stöðvað afgreiðslu umsókna þar til skattframtöl liggja fyrir.

Á fundinum tók Vigdís Sveinsdóttir lögfræðingur og ritari stjórnar að sér að senda ráðherra athugasemdir og fyrirspurn um lögmæti heimilda sýslumanns til þessa vinnulags.

Hinn 9. apríl dagsetur ráðuneytið bréf til sýslumannsins í Búðardal og sendir Íslenskri ættleiðingu afrit. Í bréfinu til sýslumanns segir: “Ráðuneytinu hefur borist erindi Vigdísar Ó. Sveinsdóttur hdl, f.h. félagsins Íslensk ættleiðing sem fylgir hjálagað í ljósriti. Í erindinu er fjallað um meðferð umsókna um forsamþykki til ættleiðingar á erlendum börnum en ekki er um stjórnarsýslukæru á tiltekinni úrlausn að ræða. Óskar ráðuneytið hér með eftir sjónarmiðum sýslumannsins í Búðardal um efni erindisins.”

## Stuðningshópar fyrir biðlistafólk

Fyrir skömmu sendi félagið út auglýsingu um að nú stæði til að endurvefja stuðningshópa fyrir fólk á biðlista hjá Í.Æ. Slíkur umræðuhópur var hjá félaginu árið 2007 og er tilgangurinn meðal annars sá að fólk deili áhyggjum sínum og eigin leiðum til að „hafa af“ biðina, með öðru fólk í sömu sporum. Þátttaka varð ekki nægileg og þessi vinna fer því ekki af stað fyrir vorið. Þörfin verður könnuð betur meðal umsækjenda og sniði fyrirkomulagsins e.t.v. eitthvað breytt.

## Viðræður um sameiningu

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar barst í fyrri viku ósk frá félaginu Alþjóðleg ættleiðing um viðræður um sameiningu félaganna.

Í erindi Alþjóðlegrar ættleiðingar segir meðal annars: Það er einlæg trú okkar að ættleiðingarmálum á Íslandi verði best borgið í einu sameinuðu félagi, og óskum við því eftir að hefja sameiningarviðræður sem fyrst.

Á aðalfundi A.Æ. var samþykkt að ganga til viðræðna við Íslenska ættleiðingu og stjórn A.Æ. fékk á fundinum umboð til

að leiða þær viðræður fyrir hönd félagsins.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar fjallaði um beiðnina á fundi þann 14. apríl og var hún samþykkt samhljóða. Skipuð var viðræðunefnd sem starfa mun undir forystu Pálma Finnboga-sonar en auk hans sitja í nefndinni Finnur Oddsson varformaður Í.Æ. og Hörður Svavarsson formaður félagsins.

## Rafrænar kannanir meðal félagsmanna

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar vannur að því að bæta starfsemi félagsins og standa betur vörð um þá hagsmuni sem félagið er myndað um. Í þeim tilgangi er aflað upplýsinga meðal félagsmanna með skipulögðum hætti.

**“... Á seinasta ári stóð félagið fyrir rýnihópum meðal félagsmanna og rökrétt framhald af þeirri vinnu er framkvæmd spurningakannana...”**

Á seinasta ári stóð félagið fyrir rýnihópum meðal félagsmanna og rökrétt framhald af þeirri vinnu er framkvæmd spurningakannana sem bráðlega verður hleypt af stokkunum.

Á næstunni fá sumir félagsmenn sendan í tölvupósti hlekk á rafræna spurningkönnun sem félagið framkvæmir nú meðal fólks á biðlistum hjá félaginu. Nafnleynd þeirra sem svara

verður tryggt, spurningar verða ekki persónugreinanlegar og svör berast félaginu dulkóðuð yfir internetið. Fulls öryggis og trúnaðar er því gætt við framkvæmd könnunarinnar.

Það er mikils virði ef fólk getur tekið sér nokkrar mínútur í að svara könnuninni þegar þar að kemur, en öllum er að sjálfsögðu frjálst að hafna þátttöku án frekari skýringa eða sleppa því að svara einstökum spurningum.

Við vonum að þetta nýja framtak í þekkingaröflun mælist vel fyrir meðal félagsmanna, en góð þátttaka í verkefninu gefur traustari niðurstöður.

## Aðalfundur Í.Æ. var fjölmennur

Aðalfundur Íslenskrar ættleiðingar var haldinn þann 24. mars síðastliðinn. Fundurinn var fjölmennur að venju. Nokkrir notfærðu sér þann möguleika að senda fulltrúa sinn með umboð til að kjósa en með því fyrirkomulagi gefst landsbyggðafólki færi á að njóta jafnræðis við aðra félagsmenn. Skýrsla stjórnar var yfirgripsmikil en boðað var að hún verði gefin út að fundi loknum.

Í stjórn voru kjörin: Elín Henriksen, Finnur Oddsson, Karen Rúnarsdóttir og Karl Steinar Valsson. Varamaður í stjórn var kjörin Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir.

## Rússland stöðvar ættleiðingar til Bandaríkjanna

Rússland hefur stöðvað ættleiðingar til Bandaríkjanna í kjölfar fregna af því að Bandarísk móðir hafi skilað átta ára gömlum dreng sem hún ættleiddi fyrir ári síðan.

Þetta gerðist fyrir viku og þá þegar hvatti utanríkisráðherra Rússlands til þess að hætt verði að leyfa ættleiðingar barna til Bandaríkjanna frá Rússlandi.

Og núna hafa stjórnvöld í Rússlandi ákveðið að börn verði ekki ættleidd til Bandaríkjanna fyrr en stjórnvöld í löndunum hafa komið sér saman um nýtt kerfi eða nýtt fyrirkomulag í þessum málaflokki. Ítarleg frétt er um málið á vef félagsins - isadopt.is.

...Ítarleg frétt er um málið á vef félagsins isadopt.is...



Fréttarit Í.Æ. 1. tbl. 2. árg. apríl 2010.  
Ritstjórn og ábyrgð: Hörður Svavarsson  
Útgefandi: Íslensk ættleiðing Austurveri Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík. Sími 588 14 80  
Sjáðu líka isadopt.is og Íslensk Ættleiðing á Facebook